

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 49/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jóni Ólafssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 13. janúar 1994. Ákærði krefst þess, að dæmdri refsivist verði breytt í hæfilega fésekt. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið staðfestingar á refsíákvörðun héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. desember 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 9. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Finnboaga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-242/1992: Ákærvaldið gegn Jóni Ólafssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember sl., er höfðað með ákæru sýslumannsins í Hafnarfirði, út gefinni 15. nóvember sl., gegn Jóni Ólafssyni.

syni, kt. 230345-4739, Hringbraut 78, Hafnarfirði, fyrir að aka þriðjudaginn 28. september 1993 bifreiðinni Y-14858 sviptur ökuréttindum frá Hringbraut í Hafnarfirði uns lögreglan stöðvaði aksturinn á Fjarðargötu við Linnetsstíg í Hafnarfirði.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir brot sitt, sem ákærandi telur varða við 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Mál þetta er dæmt samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað að hann hafi framið það brot, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæðis í ákæru.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsingum sem hér skipta máli:

Samkvæmt dómsátt 30. janúar 1991 var ákærði sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 9.1. 1991 og gert að greiða kr. 30.000,- í sekt, og samkvæmt dómsátt 5. mars s. á. var hann sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá 9.1. 1992 og gert að greiða kr. 15.000 í sekt, hvort tveggja fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Þann 10. apríl 1991 gekkst ákærði undir dómsátt þar sem honum var gert að greiða kr. 30.000 í sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, og þann 18. september 1991 gekkst hann undir dómsátt þar sem honum var gert að greiða kr. 90.000 í sekt og að sæta sviptingu ökuréttinda í 3 ár frá 9.7. 1992 fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Með akstri þeim, sem ákærði er nú saksóttur fyrir, hefur hann ekið í þriðja sinn sviptur ökuréttindum frá árinu 1991 að telja.

Samkvæmt lokamálslið 125. gr. laga nr. 19/1991 var ákærða gefinn kostur á að tjá sig um atriði, er hann taldi sér til hagsbóta varðandi ákvörðun viðurlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Ólafsson, sæti varðhaldi í 30 daga.
